

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f, ber, samkvæmt 12. gr. samnings frá 12. júlí 1951, að greiða stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur vegna Ragnars Guðnasonar, kr. 872.46 ásamt 6% árs-vöxtum frá 17. janúar 1952 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 600.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 23. október 1952.

Nr. 5/1952: **Alþýðusamband Íslands f. h.**
Sjómannafélags Reykjavíkur
 (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
Landssambandi ísl. útvegsmanna
 (Gunnar Þorsteinnsson hrl.).

Ágreiningur út af ákvæðum kjarasamnings um kauptryggingu á þorskveiðum með lóð. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur gegn Landssambandi ísl. útvegsmanna með stefnu, dags. 18. júní þ. á.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 6. janúar 1947 undirrituðu aðiljar máls þessa samning um kaup og kjör á skipum þeim, sem gerð eru út á þorskveiðar með lóð frá Reykjavík og Hafnarfirði, en Sjómannafélag Hafnarfjarðar var einnig aðili að samningi þessum.

4. gr. samnings þessa er svohljóðandi:

„Útgerðarmaður tryggir hlut hvers skipverja fyrir hvern 30 daga mánuð á ráðningartímanum með þeirri fjárhæð, er hér segir:

Hlut hvers háseta, matsveins á útilegubátum, 1. og 2. véla-manns kr. 135.00 á viku og dýrtíðaruppbót, sem greiðist fyrir

lok hvers mánaðar. Þó skal útgerðarmanni skylt að greiða trygginguna $\frac{1}{2}$ mánaðarlega, ef skipverjar óska þess. Vélstjórar skulu hafa hlutfallslega hærri tryggingu, er nemur aukahlutum þeirra. Nú vikur skipverji úr skiprúmi áður en mánuður er liðinn og skal honum þá greiddur hlutfallslegur hluti tryggingarinnar. Tryggingarupphæð þessi miðast við núgildandi fiskverð.“

Samningur þessi er enn í gildi, og er ekki vitað, að til ágreinings hafi komið milli samningsaðilja út af ákvæðum 4. gr. hans fyrr en nú. Ágreiningsefni máls þessa er svo háttað, að stefnandi heldur fram þeim skilningi, að samkvæmt niðurlagsorðum 4. gr., „Tryggingarupphæð þessi miðast við núgildandi fiskverð,“ skuli kauptrygging sú, sem um er samið í nefndri grein, fara eftir því verði, sem hverju sinni sé á fiskinum. Nú nemi óvegið meðaltal hækkana á fiskverði frá 1947—1952 68,9%, en vegið meðaltal 63%. Eftir því telur stefnandi, að kauptrygging sjómanna á vetrarvertíðinni 1952 hafi átt að hækka sem þessum hundraðshluta nemur, og eru dómkröfur hans samkvæmt því þær, að dæmt verði, að 4. gr. nefnds samnings sé rétt skilin og framkvæmd svo, að tryggingarfjárhæð sú, sem kveðið er á í greininni, skuli á vetrarvertíðinni 1952 hækka, aðallega um 68,9%, en til vara um 63%. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi, sem hefur mótmælt því, að breyting á fiskverði eigi að orka á fjárhæð kauptryggingarinnar, krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Ákvæði það, sem aðilja greinir á um í máli þessu, þ. e. síðasti málsliður 4. gr. samningsins frá 6. janúar 1947, mun vera komið inn í samninginn að tilhlutan þeirra fulltrúa stefnda, er fóru með samninga af hans hálfu. Samkvæmt skýrslu þeirra kveðast þeir aðeins hafa litið á ákvæðið sem yfirlýsingu um það, að eðlilegt gæti verið, að samningurinn yrði endurskoðaður, ef breytingar yrðu á fiskverðinu, en hins vegar hafi þeir alls ekki talið, að það fæli í sér skuldbindingu fyrir útvegsmenn um að greiða hærri kauptryggingu, þó að fiskverð hækkaði, né heldur skyldu fyrir skipverja til að hlíta lægri kaup-

tryggingu þótt fiskverð lækkaði. Heldur stefndi því fram, að ef slíkt hefði verið tilætlanin, mundu að sjálfsögðu hafa verið sett nákvæmari ákvæði um hækkun eða lækkun kauptryggingarinnar.

Stefnandi heldur því hins vegar fram, að fulltrúar hans við samningsgerðina hafi bæði skilið og haft réttmæta ástæðu til þess að skilja ákvæðið á þá lund, að það fæli í sér, að kauptryggingin skyldi hækka eða lækka í réttu hlutfalli við breytt fiskverð. Hinsvegar eru þeir fulltrúar aðilja, sem með samninga fóru, á einu máli um það, að ekki hafi verið um það rætt sérstaklega, hvað felast ætti í niðurlagsorðum 4. gr. samningsins.

Verð það, sem var á fiski þegar aðiljar sömdu 6. janúar 1947, mun hafa haldizt óbreytt til ársins 1950, en þá hækkaði það um rösk 15%. Árið 1951 er hækkunin orðin tæp 50%, og á þessu ári nemur hún yfir 60%. Þrátt fyrir þessa hækkun var ekki gerð nein gangskör að því af hálfu stefnanda, að kauptrygging til sjómanna hækkaði, og var þó aflahlutur sjómanna, er ráðnir voru í skiprúm samkvæmt samningi þessum, ekki hærri en svo á ýmsum bátum árin 1950 og 1951, að kauptryggingarákvæði samningsins komu til framkvæmda, þótt miðað væri við það verð á fiskinum, sem gilti þegar samningurinn var gerður. Þetta gilti þó í enn ríkari mæli, ef hækkað fiskverð átti að orka á fjárhæð kauptryggingarinnar. Þessu atriði virðist þó ekki hafa verið hreyft af hálfu stefnanda fyrr en í s.l. marz eða aprílmánuði í sambandi við aðra samninga aðilja.

Stefndi byggir sýknukröfu sína m. a. á því, að stefnandi hafi með þessu athafnaleyssi tvímælalaust firt sig rétti til þess að geta nú krafizt þess, að breyting á fiskverði orki á fjárhæð kauptryggingarinnar.

Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að honum hafi engar kærur né kvartanir borizt frá sjómönnum vegna reiknings-skila útgerðarmanna við þá árin 1950 og 1951. Kveður hann, að ekki verði til þess ætlazt, að hann geti að öllu leyti fylgzt með framkvæmd kjarasamninga í einstökum atriðum. Sé því ekki heimilt að virða það sér til óhagræðis, þótt hann hefði ekki hafizt handa um að heimta í hendur sjómanna hærri

kauptryggingu, er fiskverð tók að hækka. Telur hann, að hið umdeilda niðurlagsákvæði 4. gr. tryggi sjómönnum svo greinilega rétt til hærri kauptryggingar, ef fiskverð hækkar, að það geti ekki valdið sjómönnum missi þess réttar, þótt þeir hafi ekki framfylgt þessu ákvæði árin 1950 og 1951, en hann hafi hinsvegar hafizt handa strax og honum var kunnugt um, að misbrestur væri á framkvæmd þess.

Ekki er vitað, að svo sé um samið í hlutaskiptasamningnum þar sem kveðið er á um kauptryggingu, að hún skuli fylgja breyttu fiskverði, og ekki hefur verið sýnt fram á í máli þessu, að slíkri reglu hafi verið fylgt í viðskiptum málsaðilja. Það hefði því verið algert nýmæli, ef samið hefði verið um slíkt með ákvæðum 4. gr. framannefnds samnings. Þegar þetta er virt, og það, sem að framan er rakið um viðræður aðilja, er samningar voru gerðir, þykir varhugavert að telja, að síðasti málsliður 4. gr. oftnefnds samnings feli í sér ákvæði um það, að kauptrygging sjómanna samkvæmt þessari grein skuli háð breytingum á fiskverði, enda verður að líta svo á, að athafnaleysi stefnanda varðandi framangreind reikningskil af hálfu útgerðarmanna árin 1950 og 1951 sé þessari niðurstöðu til styrktar. Að vísu getur staðið svo á, að fyrirsvarsmönnum stéttarféлага sé ekki unnt að fylgjast að öllu með því, hvort samningar þeirra við atvinnurekendur séu haldnir í öllum greinum. Og oft hlýtur athafnasemi af þeirra hálfu til verndar samningslegum rétti að vera því háð, að félagsmenn þeir, sem hlut eiga að máli, beri fram kvartanir við félag sitt, ef þeir þykjast beittir órétti. En eins og hér stendur á, verður ekki á það fallizt, að það hafi fullar tvær vertíðir getað dulizt stefnanda, að reikningsskil útvegsmanna við fjölmarga af félagsmönnum hans væru með öðrum hætti en hann telur nú í þessu máli, að rétt hafi verið.

Samkvæmt framangreindu verður niðurstaða dómsins sú, að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Landssamband ísl. útvegsmanna, á að vera

sýkn af kröfum stefnanda, Albýðusambands Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Helga Hannessonar.

Ég skil 4. gr. samnings milli Sjómannafélags Reykjavíkur og Sjómannafélags Hafnarfjarðar annars vegar og Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 6. janúar 1947 á þá leið, að með henni sé verið að tryggja, að hlutfall það, milli tryggingar á aflahlut skipverja og fiskverðs þess, er var, þegar samningurinn var gerður, haldist óbreytt. Útfrá þessu beri að skýra niðurlagsorð nefndrar samningsgreinar, þar sem segir:

„Tryggingarupphæð þessi miðast við núgildandi fiskverð“ á þann veg, að tryggingin breytist í hlutfalli við breytt fiskverð.

Tilgangurinn með því að taka þetta orðalag upp í samninginn, fæ ég ekki séð, að geti hafa verið annar en sá, er fram kemur í skýringu minni hér að framan.

Eftir ástæðum tel ég rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsatkvæði mitt verður því þannig:

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði 4. gr. kjarasamnings milli Sjómannafélags Reykjavíkur og Sjómannafélags Hafnarfjarðar annars vegar og Landssambands íslenskra útvegsmanna hins vegar, eru rétt framkvæmd þannig, að skipverjar fái greidda hlutfallstryggingu í hlutfalli við breytt fiskverð, miðað við það fiskverð, er var, þegar samningsgjörðin fór fram.

Málskostnaður falli niður.
